



# Gott að vita varðandi rafmagn

Leiðbeiningar þessar eru gefnar út í forvarnarskygni af hálfu Samtaka rafverktaka í samstarfi við Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Samtök iðnaðarins.

## Tíu góð ráð um rafmagn

1. Sýnið varúð við eldamennsku og munið að slökkva á eldavélinni strax eftir notkun.
2. Takið raftæki úr sambandi þegar þau eru ekki í notkun.
3. Látið skipta strax um skemmdan rafbúnað.
4. Hlaðið raftæki á óbrennanlegu undirlagi og ekki þegar allir eru sofandi eða fjarverandi.
5. Fargið gömlum rafbúnaði sem farinn er að láta á sjá.
6. Farið varlega í notkun fjöltengja og gætið þess að ofhlaða þau ekki.
7. Varist að staðsetja ljós eða annan rafbúnað sem hitnar of nálægt brennanlegu efni.
8. Gefið gaum að merkingum raftækja og notið eins og til er ætlast.
9. Prófið bilunarstraumsrofann (lekastraumsrofann) nokkrum sinnum á ári með því að þrýsta á prófhnappinn. Sjá skýringarmynd 1.
10. Gott er að eiga á vísam stað auka vartappa fyrir varrofann í rafmagnstöflunni. Sjá skýringarmyndir 2 og 3.



Mynd 1

Mynd 2

Mynd 3

Reynslan í Evrópu sýnir að um það bil helmingur eða um 47% eldsvoða eru af völdum rafmagns og að á töluverðum fjölda heimila og fyrirtækja eru rafmagnstöflur og raflagnir sem uppfylla ekki nútíma öryggiskröfur. Húseigendur geta gert margt til að tryggja öryggi heimilisfólks og starfsfólks. Hér er farið yfir nokkur atriði sem einfalt er að framkvæma til að draga úr líkum á slysum og eldsvoðum af völdum rafmagns.

## Rafmagnspróf

Eru rafmagnsmálin í lagi á þínu heimili eða vinnustað? Hafir þú grun um að ekki sé allt eins og best verður á kosið þá er tilvalið að byrja á því að taka rafmagnsprófið sem er að finna á vef Samtaka rafverktaka: <https://sart.is/index.php/rafmagnspruf>

## Rafmagnstaflan

Hjarta rafkerfisins er rafmagnstaflan. Um hana fer allt rafmagn sem notað er í húsnæðinu. Örygginn í rafmagnstöflunni eiga að varna því að of mikið álag eða skammhlaup valdi tjóni. Í eldri töflum eru skrúfuð öryggi sem nefnd eru bræðivör sem skipta þarf um þegar þau springa en í nýrri töflum eru sjálfvör sem slá út við bilun eða of mikið álag.

Margir kannast við að hafa séð gamlar rafmagnstöflur með bræðivör skrúfuð á tréspjald. Meðal löggiltra rafverktaka eru þessar rafmagnstöflur almennt kallaðar trétöflur. Áratugir eru síðan það var bannað að setja upp trétöflur og þær eru allar komnar fram yfir þann tíma sem þeim var ætlað að endast. Ef trétafla er á heimili þínu eða vinnustað þá er kominn tími til að skipta henni út fyrir rafmagnstöflu og varbúnað sem uppfyllir nútíma öryggiskröfur.

Á vefsíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, HMS, er hægt að nálgast frekari upplýsingar um rafmagnstöflur: <https://hms.is/fraedsla/fraedsla-um-rafmagnsoryggi/er-rafmagnstaflan-hja-ther-ordin-varasom>

## Rofar og tenglar

Mikilvægt er að lok á rofum og tenglum séu heil og að þau séu vel fest þannig að ekki sé snertihætta sem getur verið hættuleg. Ef lok eru brotin, þau vantar eða búnaðurinn laus í veggjunum þá þarf að bregðast við og kalla til löggiltan rafverktaka til að lagfæra búnaðinn og koma í veg fyrir rafmagnsslys.

## Fjöltengi

Fjöltengi eru mikið notuð og þá er mikilvægt að hafa í huga að þau henti aðstæðum og því afli sem þeim er ætlað að dreifa. Það er t.d. talinn kostur að fjöltengin séu með rofa þannig að hægt sé að slökkva á þeim án þess að það þurfi að taka raftækin úr sambandi. Aldrei skal tengja fjöltengi við annað fjöltengi því þá er aukin hætta á yfirálagi og hitamyndun. Þegar svo ber við kann að vera stutt í að eldur kvikni. Ekki ætti að nota fjöltengi fyrir orkufrek tæki eins og t.d. þvottavél eða þurrkara. Einnig er varasamt að flytja rafmagn langar leiðir með grönnum framlengingarsnúrum.

## Hleðslutæki

Hleðslutæki er víða að finna, allt frá einföldu hleðslutæki fyrir farsíma yfir í hleðslutæki fyrir stærri og aflmeiri búnað eins og t.d. rafmagnshlaupahjól. Öll eiga þessi tæki það sameiginlegt að hitna við notkun og því er mikilvægt að gæta þess að nota eingöngu hleðslutæki sem ætluð eru fyrir þann búnað sem verið er að hlaða. Rafmagnshlaupahjól og rafmagnsreiðhjól ætti aldrei að hlaða inni í íbúðum því þar er um að ræða stærri rafhlöður sem geta valdið verulegu tjóni ef kviknar í út frá þeim. Þess í stað ætti að hlaða þessi tæki í rýmum sem eru betur til þess fallin. Hafa þarf vakandi auga með þessum tækjum á meðan þau eru í hleðslu og forðast að nota fjöltengi við hleðslu á þeim.

Á vefsíðu HMS, er að finna ráðleggingar um hleðslu rafmagnshlaupahjóla og annarra tækja með líþíum rafhlöðum: <https://hms.is/brunahaetta-i-lithium-rafhlodum-og-rafhlaupahjolum>

## Rafbílahleðsla

Eingöngu löggiltir rafverktakar mega sjá um uppsetningu á hleðslustöðvum, lagnir að þeim og aðra nauðsynlega raflagnavinnu, s.s. í rafmagnstöflu viðkomandi byggingar. Rafbíll í hleðslu tekur mikinn straum og því er ákaflega mikilvægt að rafmagnsöryggi sé tryggt. Rafverktakinn sem setur upp hleðslustöð fyrir rafbíla ber að tilkynna uppsetninguna til HMS þar sem m.a. kemur fram að viðkomandi verk hafi verið unnið í samræmi við reglur rafmagnsöryggissviðs HMS. Aldrei ætti að nota framlengingarsnúrur við hleðslu rafbíla og varast skal að nota venjulegan heimilistengil við hleðslu ökutækis í langan tíma. Á vefsíðu HMS er að finna mikið af gagnlegum upplýsingum um rafbílahleðslu sem rafbílaeigendur eru hvattir til að kynna sér: <https://hms.is/fraedsla/heimahledsla>

## Þjónusta löggiltra rafverktaka

Skv. lögum skal öll vinna við raflagnir, hvort sem um er að ræða nýtt eða eldra húsnæði, unnin af rafverktaka sem hefur til þess löggildingu HMS, svokallaða B-löggildingu.

Löggiltir rafverktakar framkvæma skoðun á eigin verkum í samræmi við skilgreindar skoðunarreglur og að þeim loknum senda þeir lokatilkynningu til HMS þar sem m.a. kemur fram að viðkomandi verk hafi verið unnið í samræmi við Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Lista yfir löggilta rafverktaka innan Samtaka rafverktaka er að finna á eftirtöldum vefjum: [www.sart.is](http://www.sart.is) og [www.meistarinn.is](http://www.meistarinn.is)